

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/1407*  
*komudagur 5.3.2012*

**From:** Pétur Þór Jónasson [mailto:eything@eything.is]  
**Sent:** 5. mars 2012 14:42  
**To:** Sigrún Helga Sigurjónsdóttir  
**Cc:** 'Bergur Elías Ágústsson'  
**Subject:** RE: Fundarboð

293. mál

Það er niðurstaða okkar að afþakka boð til Eyþings um að mæta á fundinn. Þar sem fundarboð barst seint er ljóst að aðeins ég einn gæti mætt. Þá liggur það fyrir að Eyþing kom á framfæri megináherslum í samgöngumálum á Norðurlandi eystra í bréfi til samgönguráðs, dags. 16. september 2011 (sjá viðhengi). Þær áherslur voru síðan staðfestar á aðalfundi Eyþings 8. október sl. Þessar áherslur standa því óbreyttar. Nefna má einnig að á vettvangi Eyþings hafa komið fram áhyggjur af niðurskurði á fé til viðhalds og þjónustu á vegakerfinu.

Nauðsynlegt er að fram komi að við þessa forgangsröðun samgönguframkvæmda litu sveitarstjórnirnar svo á, að fyrir lægi ákvörðun um gerð Vaðlaheiðarganga og að þau yrðu fjármögnuð utan samgönguáætlunar í samræmi við lög nr. 97/2010.

Með kveðju,

Pétur Þór Jónasson

framkvæmdastjóri

Eyþing - samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum